

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2020/1044**

2021/EES/78/12

frá 8. maí 2020

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1999 að því er varðar gildi fyrir hnatthlúnunarmátt og viðmiðunarreglur um bókhald og að því er varðar bókhaldskerfi Sambandsins sem og um niðurfellingu framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 666/2014 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1999 frá 11. desember 2018 um stjórnun orkusambandsins og aðgerða í loftslagsmálum, um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 663/2009 og (EB) nr. 715/2009, tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB, 98/70/EB, 2009/31/EB, 2009/73/EB, 2010/31/ESB, 2012/27/ESB og 2013/30/ESB, tilskipunum ráðsins 2009/119/EB og (ESB) 2015/652 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 525/2013 ⁽¹⁾, einkum b-lið 6. mgr. 26. gr. og 7. mgr. 37. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í fyrirkomulaginu við vöktun og skýrslugjöf um losun gróðurhúsalofttegunda sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 525/2013 ⁽²⁾ er mælt fyrir um reglur um vöktun og skýrslugjöf um losun gróðurhúsalofttegunda samkvæmt loftslagsstefnunni. Ákvæði þess fyrirkomulags eru að fullu felld inn í reglugerð (ESB) 2018/1999 sem fellir niður reglugerð (ESB) nr. 525/2013 frá og með 1. janúar 2021. Innan þess fyrirkomulags er nauðsynlegt að samþykkja gildi fyrir hnatthlúnunarmátt og tilgreina leiðbeiningar fyrir bókhaldið.
- 2) Að því er varðar hnatthlúnunarmátt var, á fyrsta fundi ráðstefnu samningsaðila að rammamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (UNFCCC), sem er fundur aðila að Parísarsamningnum um loftslagsbreytingar frá 2015 sem haldinn var að lokinni 21. ráðstefnu aðilanna að rammamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (hér á eftir nefndur Parísarsamningurinn), komið á fót sameiginlegum mælikvarða til að umreikna gróðurhúsalofttegundir yfir í koltvísýringisgildi í þeim tilgangi að gefa skýrslur um bókhald yfir gróðurhúsalofttegundir. Þessi sameiginlegi mælikvarði byggist á gildum hnatthlúnunarmáttar sem sett eru fram í fimmtu matsskýrslu milliríkjanevndarinnar um loftslagsbreytingar (IPCC) ⁽³⁾. Gildin fyrir hnatthlúnunarmáttinn ættu að taka mið af þeim sameiginlega mælikvarða.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 230, 17.7.2020, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 223/2021 frá 9. Júlí 2021 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 328, 21.12.2018, bls. 1.

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 525/2013 frá 21. maí 2013 um fyrirkomulag við vöktun og skýrslugjöf að því er varðar losun gróðurhúsalofttegunda og skýrslugjöf að því er varðar aðrar upplýsingar á landsvísu og á vettvangi Sambandsins sem varða loftslagsbreytingar og um niðurfellingu á ákvörðun nr. 280/2004/EB (Stjttíð. ESB L 165, 18.6.2013, bls. 13).

⁽³⁾ Dálkur "GWP 100-year" í töflu 8.A.1 í viðbæti 8.A við skýrsluna „Climate Change 2013: The Physical Science Basis. Contribution of Working Group I to the Fifth Assessment Report of the Intergovernmental Panel on Climate Change“, bls. 731; hægt er að nálgast skýrsluna á <https://www.ipcc.ch/assessment-report/ar5/>

- 3) Setja ætti fram leiðbeiningarnar um bókhaldið yfir gróðurhúsalofttegundir í samræmi við þróun á alþjóðavettvangi. Auk leiðbeininga milliríkjanefndarinnar um loftslagsbreytingar (IPCC) um landsbókhald yfir gróðurhúsalofttegundir frá 2006 ættu aðildarríkin og framkvæmdastjórnin að taka tillit til fyrirkomulags, málsmeðferðarreglna og leiðbeininga fyrir gagnsæisrammann til aðgerða og stuðnings sem um getur í 13. gr. Parísarsamningsins og fram kemur í viðaukanum við ákvörðun ráðstefnu aðila að rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar sem er fundur aðila að Parísarsamningnum 18/CMA.1 (hér á eftir nefnd ákvörðun 18/CMA.1). Aðildarríkin eru enn fremur hvött til að nota viðbótina frá 2013 við leiðbeiningar milliríkjanefndarinnar um loftslagsbreytingar (IPCC) um landsbókhald yfir gróðurhúsalofttegundir frá 2006: Votlendi.
- 4) Til að tryggja gæði bókhalds Sambandsins ætti að mæla fyrir um frekari markmið fyrir gæðatryggingar- og gæðaeftirlitsáætlun Sambandsins.
- 5) Til að tryggja heilleika bókhalds Sambandsins í skilningi ákvörðunar 18/CMA.1 er nauðsynlegt að setja fram aðferðafræði og gögn sem framkvæmdastjórnin á að nota þegar hún útbýr mót varðandi gögn sem vantar í bókhald aðildarríkis skv. 5. mgr. 37. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1999.
- 6) Til að tryggja tímanleika, gagnsæi, nákvæmni, samræmi, sambærileika og heilleika bókhalds Sambandsins er nauðsynlegt að tilgreina innihald upphaflegu athugananna sem gerðar eru á gögnum í bókhaldi yfir gróðurhúsalofttegundir sem aðildarríkin leggja fram. Matið á nákvæmni sem er hluti af upphaflegu athugininni ætti að tryggja að aðildarríkin of- eða vanmeti ekki kerfisbundið raunverulega losun og upptöku í tengslum við lykilmörk Sambandsins. Enn fremur ætti að samræma upprunalega athugun í geira landnotkunar, breyttrar landnotkunar og skógræktar (LULUCF) við athuganir sem eru gerðar í öðrum geirum þar eð skýrslugjöf um losun gróðurhúsalofttegunda frá upptökum og upptöku í viðtaka frá geira landnotkunar, breyttrar landnotkunar og skógræktar er óaðskiljanlegur hluti skýrslugjafar vegna bókhalds um gróðurhúsalofttegundir og vegna þess að sá geiri kemur inn í loftslagsmarkmiðið fyrir árið 2030. Í geira landnotkunar, breyttrar landnotkunar og skógræktar má bera tilkynntu gögnin um virkni [áður: gögn um starfsemi] í tengslum við landnotkun og breytingu á landnotkun saman við upplýsingar fengnar úr áætlunum og könnunum Sambandsins og aðildarríkja, s.s. Kópernikusaráætluninni og LUCAS-vöktunarkerfinu.
- 7) Mötin til að fylla upp í gögnin sem vantar í landsbókhaldið til að taka saman bókhald Sambandsins eru unnin í samræmi við leiðbeiningarnar um bókhald yfir gróðurhúsalofttegundir. Ekki er hægt að ákvarða þessi mót án þess að beita gildum fyrir hnatthlúnunarmátt gróðurhúsalofttegunda. Þar eð reglur um hnatthlúnunarmátt, leiðbeiningar um bókhald og bókhaldskerfi Sambandsins eru í meginatriðum samtengd er viðeigandi að setja þau fram í einni framseldri reglugerð.
- 8) Til að tryggja samræmi við daginn þegar viðeigandi ákvæði reglugerðar (ESB) 2018/1999 koma til framkvæmda ætti þessi reglugerð að gilda frá og með 1. janúar 2021.
- 9) Í samræmi við 57. og 58. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1999 er reglugerð (ESB) nr. 525/2013 felld úr gildi frá og með 1. janúar 2021, að undanskilinni 7. gr. þeirrar reglugerðar sem skal gilda um skýrslurnar sem innihalda gögn frá árunum 2018, 2019 og 2020. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 666/2014⁽⁴⁾ ætti því að falla úr gildi frá og með 1. janúar 2021 en þó ættu 6. og 7. gr. hennar að halda áfram að gilda um skýrslurnar sem innihalda gögn sem krafist er fyrir árin 2019 og 2020.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Gildissvið

Þessi reglugerð gildir um skýrslurnar sem aðildarríkin leggja fram og innihalda gögn sem krafist er frá og með árinu 2021.

2. gr.

Hnatthlúnunarmáttur

Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu nota hnatthlúnunarmáttinn sem er tilgreindur í I. viðauka við þessa reglugerð til að ákvarða og tilkynna gögn varðandi bókhald yfir gróðurhúsalofttegundir skv. 3., 4. og 5. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1999.

⁽⁴⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 666/2014 frá 12. mars 2014 um að koma á efnislegum kröfum varðandi skráningarkerfi Sambandsins og taka til greina breytingar á hnatthlúnunarmátti og alþjóðlega samþykktar viðmiðunarreglur um skrár samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 525/2013 (Stjúd. ESB L 179, 19.6.2014, bls. 26).

*3. gr.***Leiðbeiningar um bókhald yfir gróðurhúsalofttegundir**

Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu ákvarða bókhald yfir gróðurhúsalofttegundir sem um getur í 3., 4. og 5. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1999 í samræmi við:

- a) leiðbeiningar milliríkjanefndarinnar um loftslagsbreytingar (IPCC) frá 2006 um landsbókhald yfir gróðurhúsalofttegundir,
- b) fyrirkomulag, málsmeðferðarreglur og leiðbeiningar fyrir gagnsæisrammann til aðgerða og stuðnings sem um getur í 13. gr. Parísarsamningsins og sem settur er fram í viðaukanum við ákvörðun ráðstefnu samningsaðilanna sem er fundur aðila að Parísarsamningnum 18/CMA.1 (hér eftir nefnd ákvörðun 18/CMA.1).

*4. gr.***Markmið fyrir gæðatryggingar- og gæðaeftirlitsáætlunina**

1. Framkvæmdastjórnin skal reka, viðhalda og keppa að stöðugum umbótum á bókhaldskerfi Sambandsins yfir gróðurhúsalofttegundir á grunni eftirfarandi markmiða fyrir gæðatryggingar- og gæðaeftirlitsáætlunina:

- a) að bókhald Sambandsins yfir gróðurhúsalofttegundir sé fullfrágengið með því að beita, þegar við á, málsmeðferðinni sem sett er fram í 5. mgr. 37. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1999 í samráði við hlutaðeigandi aðildarríki,
- b) að bókhaldskerfi Sambandsins yfir gróðurhúsalofttegundir verði gagnsætt samsafn upplýsinga um losun aðildarríkjanna á gróðurhúsalofttegundum frá upptökum og upptöku í viðtaka ásamt yfirlitum yfir lýsingar á aðferðafræðinni fyrir lykilmökka Sambandsins og endurspegli jafnframt á gagnsæjan hátt framlag losunar aðildarríkjanna á gróðurhúsalofttegundum frá upptökum og upptöku í viðtaka til bókhalds Sambandsins yfir gróðurhúsalofttegundir,
- c) að heildarlosun Sambandsins á gróðurhúsalofttegundum frá upptökum og upptöku í viðtaka á skýrslugjafarari samsvari summu losunar aðildarríkjanna á gróðurhúsalofttegundum frá upptökum og upptöku í viðtaka sem gefin er skýrsla um í samræmi við 3., 4. og 5. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1999 fyrir sama ár,
- d) að bókhald Sambandsins yfir gróðurhúsalofttegundir innihaldi samræmda tímaröð losunar eftir upptökum og upptöku í viðtaka fyrir öll ár sem skýrsla er gefin um.

2. Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin skulu, þegar mögulegt er, auka sambærileika landsbókhalds yfir gróðurhúsalofttegundir með því að leita eftir samvirkni aðferða, gagna um virkni, táknykla og úthlutunar losunar aðildarríkjanna frá upptökum og upptöku í viðtaka, eftir því sem við á.

3. Markmiðin með gæðatryggingar- og gæðaeftirlitsáætluninni fyrir bókhald Sambandsins skulu koma til viðbótar við markmiðin með þeim gæðatryggingar- og gæðaeftirlitsáætlunum sem aðildarríkin hrinda í framkvæmd.

4. Aðildarríkin skulu tryggja gæði gagna um virkni, losunarstuðla og annarra mæliþátta sem eru notuð fyrir landsbókhald þeirra yfir gróðurhúsalofttegundir.

*5. gr.***Fyllt í eyðurnar**

1. Möt framkvæmdastjórnarinnar til að fylla upp í bókhaldsgögn sem aðildarríki leggur fram eins og um getur í 5. mgr. 37. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1999 skulu byggjast á eftirfarandi aðferðafræði og gögnum:

- a) ef aðildarríki hefur á næstliðnu skýrslugjafarari lagt fram samræmdar tímaræðir mata fyrir viðeigandi upptakaflokk og:
 - i. hafi það aðildarríki lagt fram bráðabirgðabókhald yfir gróðurhúsalofttegundir fyrir árið X–1 skv. 2. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1999 sem inniheldur matið sem vantar, á gögnum úr bráðabirgðabókhaldinu yfir gróðurhúsalofttegundir,
 - ii. hafi það aðildarríki ekki lagt fram bráðabirgðabókhald yfir gróðurhúsalofttegundir fyrir árið X–1 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1999 en Sambandið hefur gert mat um bráðabirgðatölur yfir losun gróðurhúsalofttegunda fyrir árið X–1 fyrir aðildarríkið í samræmi við 2. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1999, á gögnum úr bráðabirgðabókhaldi Sambandsins yfir gróðurhúsalofttegundir,

- iii. ef ekki er hægt að nota gögn úr bráðabirgðabókhaldbess aðildarríkis yfir gróðurhúsalofttegundir eða það getur leitt til mjög ónákvæms mats að því er varðar mót sem vantar úr orkugeiranum, á hagskýrslum um orkumál sem aflað er í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1099/2008 ⁽⁵⁾,
 - iv. ef ekki er hægt að nota gögn úr bráðabirgðabókhaldbinu yfir gróðurhúsalofttegundir eða það getur leitt til mjög ónákvæms mats að því er varðar mót sem vantar úr öðrum geirum en orkugeiranum, á matsaðferðum í samræmi við tækniráðgjöf um fyllingu í eyður í lið 2.2.3 í leiðbeiningum milliríkjanefndarinnar um loftslagsbreytingar (IPCC) um landsbókhald yfir gróðurhúsalofttegundir frá 2006 (1. bindi) þar sem notaðar eru, þar sem við á, evrópskar hagtölur,
- b) ef tæknilegri leiðréttingu í samræmi við d-lið 2. mgr. 38. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1999 var beitt á mat á losun frá upptökum eða upptöku í viðtaka fyrir viðkomandi flokk í síðustu endurskoðun fyrir framlagninguna og hlutaðeigandi aðildarríki hefur ekki lagt fram endurskoðað mat, á aðferðinni sem endurskoðunarhópur tæknisérfræðinga notaði til að reikna út tæknilegu leiðréttinguna,
 - c) á matsaðferðum sem samræmast tækniráðgjöf um fyllingu í eyður í lið 2.2.3 í leiðbeiningum milliríkjanefndarinnar um loftslagsbreytingar (IPCC) um landsbókhald yfir gróðurhúsalofttegundir frá 2006 (1. bindi) þegar samræmd tímaröð tilkynnta mata fyrir viðkomandi upptakaflokk liggur ekki fyrir.
2. Framkvæmdastjórnin skal útbúa mötin sem um getur í 1. mgr. fyrir 31. mars á skýrslugjafarárinu í samráði og náinni samvinnu við hlutaðeigandi aðildarríki.
 3. Hlutaðeigandi aðildarríki skal nota mötin sem um getur í 1. mgr. til framlagningar á landsbókhaldi sínu til skrifstofu rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar skv. 4. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1999.

6. gr.

Upphafleg athugun

Upphaflega athugunin sem framkvæmdastjórnin framkvæmir skv. 4. mgr. 37. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1999 getur m.a. innihaldið:

- a) mat á því hvort aðildarríkin skili skýrslum um alla flokkana sem krafist er samkvæmt fyrirkomulaginu, málsmeðferðarreglunum og leiðbeiningunum fyrir gagnsæisrammann til aðgerða og stuðnings sem um getur í 13. gr. Parísarsamningsins og sem kemur fram í viðaukanum við ákvörðun 18/CMA.1 og um allar þær gróðurhúsalofttegundir sem um getur í V. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1999,
- b) mat á því hvort tímaráðir gagna fyrir losun frá upptökum og upptöku í viðtaka séu samræmdar,
- c) mat á því hvort ráðgerðir losunarstuðlar í öllum aðildarríkjunum eru samræmdir, að teknu tilliti til sjálfgefinna losunarstuðla milliríkjanefndarinnar um loftslagsbreytingar vegna mismunandi landsbundinna aðstæðna,
- d) mat á notkun táknyklanna „Not Estimated“ (ekki metið) þar sem aðferðir í 1. aðferðaþrepi milliríkjanefndarinnar um loftslagsbreytingar eru fyrir hendi og þar sem notkun á táknyklinum er ekki réttlætunleg í samræmi við 32. lið viðaukans við ákvörðun 18/CMA.1,
- e) greiningu á endurútreikningum sem gerðir eru á framlögðu bókhaldbi yfir gróðurhúsalofttegundir, einkum hvort endurútreikningarnir eru byggðir á breytingum á aðferðafræði,
- f) samanburð á sannprófaðri losun gróðurhúsalofttegunda sem skýrsla er gefin um innan viðskiptakerfis Evrópusambandsins með losunarheimildir og losun gróðurhúsalofttegunda sem skýrsla er gefin um skv. 3. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1999,
- g) samanburð á niðurstöðum með tilvísunaraðferð Hagstofu Evrópusambandsins og með tilvísunaraðferð aðildarríkjanna,
- h) samanburð á niðurstöðum með geiratengdri aðferð Hagstofu Evrópusambandsins og með geiratengdri aðferð aðildarríkjanna,
- i) mat á því hvort aðildarríkið hafi bætt úr athugunarefnum úr fyrri upprunalegum athugunum og endurskoðunum Sambandsins ásamt tilmælum úr endurskoðunum skrifstofu rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar,
- j) mat á nákvæmni mats aðildarríkjanna á losun frá upptökum og upptöku í viðtaka í tengslum við lykilmál Sambandsins,

⁽⁵⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1099/2008 frá 22. október 2008 um hagskýrslur um orkumál (Stjtúð. ESB L 304, 14.11.2008, bls. 1).

- k) mat á gagnsæi og heilleika lýsinganna á aðferðafræðinni sem aðildarríkin tilkynntu fyrir lykilklokka Sambandsins,
- l) mat á vöktun og skýrslugjöf um losun frá upptökum og upptöku í viðtaka í geira landnotkun, breyttrar landnotkun og skógræktar (LULUCF) skv. 3. hluta V. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1999, þ.m.t. úthlutun lykilklokka, aðferðarþrep sem eru notuð og samanburður á tilkynntum gögnum um virkni í tengslum við landnotkun og breytingar á landnotkun við upplýsingar fengnar úr áætlunum og könnunum Sambandsins og aðildarríkja.

7. gr.

Niðurfelling

Framseld reglugerð (ESB) nr. 666/2014 er felld úr gildi frá og með 1. janúar 2021, með fyrirvara um umbreytingarákvæðið sem mælt er fyrir um í 8. gr. þessarar reglugerðar.

8. gr.

Umbreytingarákvæði

Þrátt fyrir ákvæði 7. gr. þessarar reglugerðar skulu ákvæði 6. og 7. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 666/2014 áfram gilda um skýrslurnar sem innihalda gögn sem krafist er fyrir árin 2019 og 2020.

9. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2021.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. maí 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

HNATTHLÝNUNARMÁTTUR

Upphafsstafaorð, almennt heiti eða efnaheiti	Hnatthlýnunarmáttur
Koltvísýringur (CO ₂)	1
Metan (CH ₄)	28
Nituroxíð (N ₂ O)	265
Brennisteinshexaflúoríð (SF ₆)	23 500
Köfnunarefnistríflúoríð (NF ₃)	16 100
Vetnisflúorókolefni (HFC):	
HFC-23 CHF ₃	12 400
HFC-32 CH ₂ F ₂	677
HFC-41 CH ₃ F	116
HFC-125 CHF ₂ CF ₃	3 170
HFC-134 CHF ₂ CHF ₂	1 120
HFC-134a CH ₂ FCF ₃	1 300
HFC-143 CH ₂ FCHF ₂	328
HFC-143a CH ₃ CF ₃	4 800
HFC-152 CH ₂ FCH ₂ F	16
HFC-152a CH ₃ CHF ₂	138
HFC-161 CH ₃ CH ₂ F	4
HFC-227ea CF ₃ CHF ₂ CF ₃	3 350
HFC-236cb CF ₃ CF ₂ CH ₂ F	1 210
HFC-236ea CF ₃ CHF ₂ CHF ₂	1 330
HFC-236fa CF ₃ CH ₂ CF ₃	8 060
HFC-245fa CHF ₂ CH ₂ CF ₃	858
HFC-245ca CH ₂ FCF ₂ CHF ₂	716
HFC-365mfc CH ₃ CF ₂ CH ₂ CF ₃	804
HFC-43-10mee CF ₃ CHF ₂ CF ₂ CF ₃ eða (C ₅ H ₂ F ₁₀)	1 650
Perflúorókolefni (PFC):	
PFC-14, Perflúorómetan, CF ₄	6 630
PFC-116, Perflúoróetan, C ₂ F ₆	11 100
PFC-218, Perflúoróprópan, C ₃ F ₈	8 900
PFC-318, Perflúorósýklóbútan, c-C ₄ F ₈	9 540
Perflúorósýklóprópan c-C ₃ F ₆	9 200
PFC-3-1-10, Perflúoróbútan, C ₄ F ₁₀	9 200
PFC-4-1-12, Perflúorópentan, C ₅ F ₁₂	8 550
PFC-5-1-14, Perflúoróhexan, C ₆ F ₁₄	7 910
PFC-9-1-18, C ₁₀ F ₁₈	7 190